

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 282/2024

2025/EES/25/31

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2462 frá 19. september 2024 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar úndekafliúróhexansýru (PFHxA), sölt hennar og skyld efnasambönd<sup>(1)</sup>.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 2462**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2462 frá 19. september 2024 (Stjtid. ESB L, 2024/2462, 20.9.2024).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/2462, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram<sup>(\*)</sup>.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Anders H. Eide**

formaður

(<sup>1</sup>) Stjtid. ESB L, 2024/2462, 20.9.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2462/oj>

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.